

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,  
um sölu og veitingar áfengis.

### 1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 33 $\frac{1}{3}$ % á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 43.75% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 282 31. október 1968 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1971.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

30. desember 1971.

Nr. 260.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Austur-Skaftfellinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1971.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Meningarsjóðs Austur-Skaftfellinga.**

### 1. gr.

Kaupfélag Austur-Skaftafellinga stofnar sjóð, sem nefnist Menningarsjóður Austur-Skaftfellinga. Kaupfélagið leggur honum til stofnfé kr. 40 000.00 og svo árlegt fjárframlag eftir því, sem stjórn þess leggur til hvert sinn og aðalfundur samþykkir. Tekið verður á móti fjárframlögum annars staðar frá, ef einhver vill efla sjóðinn á þann hátt.

Þá skal Minningarsjóður látinna félagsmanna, sem er í vörzlu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, falla til Menningarsjóðsins og hann meðal annars annast hlutverk Minningarsjóðs.